

**2008 nr. 34 29. apríl****Varnarmálalög**

Tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008.

**I. kafli. Gildissvið, yfirstjórn, stefnumótun o.fl.****■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálafyrirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Lög in taka ekki til verkefna stjórnvalda sem eru borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæslu og almannavarna.

**■ 2. gr. Markmið.**

□ Markmið þessara laga eru eftirfarandi:

- a. að afmarka valdheimildir íslenskra stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni,
- b. að greina á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins,
- c. að greina á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála,
- d. að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi.

**■ 3. gr. Yfirstjórn.**

□ Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laga þessara. Utanríkisráðherra ber ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

□ Ef brýnir varnarhagsmunir krefjast skal utanríkisráðherra heimilt að víkja frá málmeðferðarreglum laga þessara eða reglugerða sem eru settar samkvæmt þeim.

**■ 4. gr. Alþjóðasamskipti.**

□ Utanríkisráðherra fer með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum og samstarfi við erlend ríki, hermálafyrirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, þ.m.t. Atlantshafsbandalagið. Jafnframt annast utanríkisráðuneytið öll samskipti við erlendan liðsafla sem dvelur hérlandis á vegum íslenskra stjórnvalda.

**II. kafli. Skilgreiningar.**

**■ 5. gr.** Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afleiddir samningar*: Samningar milli Íslands og Bandaríkjanna sem byggðir eru á varnarsamningnum. Hugtakið nær einnig til samninga sem Ísland gerir við Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, önnur samstarfsríki eða alþjóðastofnanir og fela í sér nánari útfærslu á þegar gerðum þjóðréttarsamningi Íslands við hlutaðeigandi ríki eða þjóðréttaðila.

2. *Atlantshafsbandalagið*: Alþjóðasamtök þau sem komið var á fót með Norður-Atlantshafssamningnum frá 4. apríl 1949 og Ottawasamningnum frá 20. september 1951. Til bandalagsins í skilningi laganna teljast einnig nefndir, stofnanir og liðsafla þess og aðrir aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandalagið og starfsemi sem því tengist, hvort sem þeir eru staðsettir hér á landi eða í öðrum löndum.

3. *Gistíríki*: Ríki sem á grundvelli samnings:

a. tekur á móti liðsafla og búnaði á vegum Atlantshafsbandalagsins eða annarra ríkja sem koma að aðgerðum á yfirráðasvæði þess eða ferðast í gegnum það;

b. heimilar að búnaður og/eða stofnanir Atlantshafsbandalagsins séu staðsettar á yfirráðasvæði þess;

c. veitir stuðning vegna framangreinds.

4. *Gistíríkisstuðningur*: Aðstoð borgaralegs og hernaðarlegs eðlis sem gistíríki, á friðartímum, í neyð eða á ófriðartímum, veitir Atlantshafsbandalaginu og/eða öðrum liðsafla og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem staðsettar eru á yfirráðasvæði gistíríkisins, koma að aðgerðum þar eða ferðast þar í gegn.

5. *Hermálafyrirvöld sendíríkis*: Yfirvöld sendíríkis sem hafa vald til að framfylgja hermálalögum þess ríkis með tilliti til manna í liðsafla þess eða borgaralegum deildum.

6. *Íslenska lofvarnakerfið*: Loftvarnakerfi í eigu Atlantshafsbandalagsins sem staðsett er á Íslandi og þjónar varnarhagsmunum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkja þess. Kerfið telst hluti af loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins.

7. *Liðsafla*: Liðsmenn í land-, sjó- eða flugher aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar eða samstarfsríkis Íslands, ásamt borgaralegri deild og skylduliði, þegar þeir hafa viðvöl hérlandis í tengslum við opinber skyldustörf sín, nema Ísland og viðkomandi sendíríki hafi samið um það sín á milli að eigi beri að líta svo á að tilteknir einstaklingar, einingar eða fylkingar séu liðsafla hér á landi. Undir hugtakið falla liðsmenn úr herliði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra, erlent starfslið sem herliðinu fylgir, einstakar samningsstofnanir Bandaríkjahers og aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandarísk stjórnvöld vegna herliðsins og starfsemi sem því tengist, hvort sem þeir eru staðsettir hér á landi eða í öðrum löndum.

8. *Loftrýmifertilit*: Kerfisbundið eftirlit loftrýmis með rafrænum, sjónrænum eða öðrum aðferðum, aðallega í þeim tilgangi að bera kennsl á og afmarka hreyfingar flugskeyta og loftfara, vinveittra og óvinveittra, innan loftrýmisins þar sem eftirlitið fer fram.

9. *Loftrýmifertilitssvæði Atlantshafsbandalagsins*: Loftrými bandalagsins þar sem fram fer loftrýmifertilit og loftrýmisgæsla.

10. *Loftrýmisgæsla*: Notkun loftfara og annars búnaðar í þeim tilgangi að hafa eftirlit með og gæta loftrýmisins á loftrýmifertilitssvæði Atlantshafsbandalagsins.

11. *Notendaríki*: Ríki sem á grundvelli þjóðréttarskuldbindinga ber ábyrgð á tilteknum eignum Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. mannvirkjum, og notar þær m.a. í sjálfs sín þágu að virtum forgangsrétti bandalagsins.

12. *Samstarf í þágu friðar*: Alþjóðasamstarf það sem komið var á fót innan Atlantshafsbandalagsins hinn 10. janúar 1994.

13. *Skyldulið*: Maki eða sambúðaraðili manns í liðsafla eða manns í borgaralegri deild eða barn, kjörbarn eða stjúpbarn slíks manns sem er á framfæri hans.

14. *Varnarsamningurinn*: Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætur við hann um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, ásamt síðari breytingum.

15. *Varnarsvæði*: Landsvæði sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hafa verið samningssvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, og lúta yfirstjórn utanríkisráðherra.

16. *Varnaræfingar*: Æfingar sem haldnar eru hérlandis, á vegum íslenskra stjórnvalda, til að æfa samræmingu og

viðbrögð vegna varna landsins, m.a. með þátttöku Bandaríkjanna, annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar eða annarra samstarfsríkja Íslands og innlendra viðbragðsaðila.

17. *Öryggis- og varnarmál*: Mál sem snúa að samstarfi Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir á sviði landvarna, sem og varna gegn öðrum hættum og ógnum sem stöðjað geta að íslensku þjóðinni og íslensku forráðsvaldi, og eiga upptök sín í hinu alþjóðlega samfélagi.

18. *Öryggissvæði*: Landsvæði sem íslensk stjórnvöld leggja til varnarþarfa, þ.m.t. varnaræfinga, m.a. á vegum Bandaríkjanna eða annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins, og lýst hafa verið öryggissvæði á grundvelli laga þessara.

19. *Öryggisvottun*: Staðfesting á því að aðili hafi sætt bakgrunnsskoðun og uppfylli hæfis- og öryggiskröfur til að fá aðgang að trúnaðarskjólum, búnaði eða mannvirkjum í eigu Atlantshafsbandalagsins, aðildarríkja þess, Samstarfs í þágu friðar eða annarra samstarfsríkja Íslands á sviði öryggis- og varnarmála.

### III. kafli. Stjórnsýsla.

#### ■ 6. gr. Varnarmálastofnun.

□ Ríkið starfrækir sérstaka stofnun, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem nefnist Varnarmálastofnun og sinnir verkefnum á sviði varnarmála. Aðsetur og aðalskrifstofa stofnunarinnar er á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Utanríkisráðherra staðfestir skipurit stofnunarinnar.

#### ■ 7. gr. Verkefni Varnarmálastofnunar.

□ Helstu verkefni Varnarmálastofnunar eru:

1. Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, þ.m.t. fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins hérlendis.

2. Þátttaka í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmigæslu Atlantshafsbandalagsins samkvæmt lögum þessum og á grundvelli þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að.

3. Rekstur, umsjón og hagnýting öryggissvæða og mannvirkja þar í eigu íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins í samræmi við notendarríkis- og gistiríkishlutverk Íslands.

4. Undirbúningur og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis.

5. Framkvæmd gistiríkisstuðnings íslenskra stjórnvalda.

6. Rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og undirstofnana þess sem Ísland hefur aðgang að og úrvinnsla upplýsinga úr slíkum kerfum.

7. Þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. herstjórnarmiðstöðvar bandalagsins, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra. Einnig er utanríkisráðherra heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti, að tilnefna sérfróðan fulltrúa frá annarri ríkisstofnun til þátttöku í slíku starfi þegar um borgaralegt samstarf er að ræða.

8. Verkefni sem varða framkvæmd varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, og laga nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.

9. Samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði Varnarmálastofnunar, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.

10. Samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykta á sviði varnarmála, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.

11. Ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins á fagsviðum stofnunarinnar og varðandi stefnumótun og hættumat á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.

12. Að vinna í samræmi við stefnu utanríkisráðherra á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.

13. Samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í tengslum við rannsóknir og þróun á starfssviði stofnunarinnar.

14. Undirbúningur að setningu reglugerða og verklagsreglna og þátttaka í mótun þeirra, m.a. á erlendum vettvangi, og undirbúningur samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir samkvæmt nánari fyrirmælum utanríkisráðherra.

15. Önnur verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun utanríkisráðherra.

### IV. kafli. Starfsmannamál.

#### ■ 8. gr. Forstjóri Varnarmálastofnunar.

□ Utanríkisráðherra skipar forstjóra Varnarmálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og búa yfir þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

#### ■ 9. gr. Ráðning starfslíðs.

□ Forstjóri ræður aðra starfsmenn Varnarmálastofnunar.

□ Óheimilt er að ráða til Varnarmálastofnunar eða hafa þar starfandi einstakling eða verktaka sem ekki uppfyllir skilyrði öryggisvottunar skv. 24. gr.

□ Ef einstaklingur, verktaki eða starfsmaður verktaka telst ekki uppfylla skilyrði öryggisvottunar skal sú afstaða tilkynnt og aðila máls gefinn kostur á að koma að andmælum. Ákveði Varnarmálastofnun að synja um starf eða verk eða segja upp gildandi vinnu- eða verksambandi, sökum þess að skilyrði öryggisvottunar teljast ekki uppfyllt, skal það gert með sannanlegum hætti og aðila máls leiðbeint um rétt til að kæra ákvörðunina til utanríkisráðherra.

#### ■ 10. gr. Tímabundin ráðning.

□ Forstjóra Varnarmálastofnunar er heimilt, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að ráða án auglýsingar ríkisstarfsmann tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn. Áskilið er að vinnuveitandi viðkomandi samþykki slíka tilhögun. Með sömu skilyrðum má veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni.

□ Starfsmaður sem ráðinn er skv. 1. mgr. skal eiga rétt á launalausni leyfi á meðan hann gegnir hinu tímabundna starfi. Slíkt leyfi skerðir ekki réttindi til greiðslu í Lífeyrisjóð starfsmanna ríkisins. Starfstími í hinu tímabundna starfi telst hluti af starfstíma í föstu starfi viðkomandi.

#### ■ 11. gr. Bann við verkföllum.

□ Starfsmenn Varnarmálastofnunar mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

### V. kafli. Rekstur öryggissvæða, loftvarnakerfis o.fl.

#### ■ 12. gr. Rekstur öryggissvæða.

□ Varnarmálastofnun annast umsjón, rekstur og hagnýtingu allra öryggissvæða á Íslandi, þ.m.t. við Keflavíkurflugvöll, Helguvík, Miðnesheiði, Stokksnes, Gunnólfsvíkurfjall og Bolafjall, auk mannvirkja sem þar eru staðsett.

□ Utanríkisráðherra birtir auglýsingu sem sýnir landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða.

#### ■ 13. gr. Aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum.

□ Varnarmálastofnun veitir aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum. Utanríkisráðherra er þó heimilt að fela rekstr-

araðila Keflavíkurflugvallar að annast útgáfu aðgangsheimilda að þeim hluta öryggissvæðisins við Keflavíkurflugvöll sem er innan haftasvæðis flugverndar. Takmarka má, synja um eða afturkalla aðgangsheimild af öryggisástæðum eða ef allsherjarregla krefst þess. Slíkar stjórnvaldsákvæðanir má kæra til utanríkisráðherra og skal aðila máls leiðbeint um kærurétt sinn.

□ Að undanskildum íslenskum tollgæslu- og lögregluþyrsköldum er þeim einum heimill aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum og mannvirkjum þar sem þangað á lögmætt erindi og hefur gilda aðgangsheimild.

■ **14. gr. Rekstur íslenska loftvarnakerfisins o.fl.**

□ Varnarmálastofnun annast rekstur íslenska loftvarnakerfisins, stjórnstöðvar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins sem staðsettar eru á öryggissvæðum. Reksturinn skal taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins varðandi slíka starfsemi.

■ **15. gr. Rekstur mannvirkja Atlantshafsbandalagsins o.fl.**

□ Varnarmálastofnun annast rekstur, umsjón og hagnýtingu mannvirkja og annarra eigna Atlantshafsbandalagsins hérlandis í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar og heimildir Íslands sem notenda- og gistiríkis. Reksturinn skal taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins varðandi slíka starfsemi og venjubundinni notendarikisfrákvæmd bandalagsríkjanna.

□ Utanríkisráðherra birtir lista yfir þau mannvirki og þær eignir Atlantshafsbandalagsins og íslenska ríkisins sem Varnarmálastofnun ber ábyrgð á.

■ **16. gr. Rekstrarkostnaður.**

□ Kostnaður við starfrækslu Varnarmálastofnunar greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

□ Varnarmálastofnun er heimilt, að virtum öryggisreglum og forgangsrétti Atlantshafsbandalagsins, að veita gegn gjaldi samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði bandalagsins sem stofnunin hefur umsjón með á grundvelli gistiríkis- og notendarikis skuldbindinga Íslands. Tekjur vegna afnotanna renna til Varnarmálastofnunar sem ráðstafar þeim til reksturs og viðhalds þeirra mannvirkja og búnaðar bandalagsins sem stofnunin annast.

**VI. kafli. Skaðabótamál.**

■ **17. gr.** Varnarmálastofnun tekur ákvörðun um greiðslu skaðabóta úr ríkissjóði vegna skaðabótakrafna utan samninga sem Ísland hefur skuldbundið sig til að greiða á grundvelli þjóðréttarsamninga á sviði varnarmála.

**VII. kafli. Loftrýmisefirlit, loftrýmisgæsla, varnaræfingar o.fl.**

■ **18. gr. Loftrýmisefirlit og loftrýmisgæsla.**

□ Atlantshafsbandalaginu er heimilt að sinna loftrýmisefirliti og loftrýmisgæslu við Ísland í samræmi við ákvarðanir Norður-Atlantshafsráðsins. Um tilhögun slíks efirlits og gæslu fer samkvæmt samningum milli íslenska ríkisins og bandalagsins og þeirra bandalagsríkja sem skuldbinda sig til að sinna slíkum verkefnum.

■ **19. gr. Gistiríkisstuðningur.**

□ Varnarmálastofnun annast gistiríkisstuðning íslenskra stjórnvalda gagnvart Atlantshafsbandalaginu og öðrum ríkjum og skal sú frákvæmd taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins um gistiríkisstuðning.

■ **20. gr. Varnaræfingar.**

□ Utanríkisráðherra ber ábyrgð á undirbúningi og fram-

kvæmd varnaræfinga sem haldnar eru hérlandis á vegum íslenskra stjórnvalda. Upplýsa ber utanríkismálanefnd Alþingis í lok hvers árs um fyrirhugaðar æfingar á komandi ári.

□ Varnarmálastofnun annast undirbúning og frákvæmd varnaræfinga. Stofnunin gefur utanríkisráðherra upplýsinga- skýrslu um hverja æfingu innan mánaðar frá lokum hennar.

**VIII. kafli. Skatt- og tollundanhágur.**

■ **21. gr.** Öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupa á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Þá eru mannvirkin undanþegin skyldu- tryggingu fasteigna.

□ Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, herlið Bandaríkjanna og liðsaffi skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 72/2007 nýtur hérlandis undanþágu frá greiðslu skatta, gjalda og tolla með þeim hætti sem greinir í 7. og 8. gr. viðbættis við lög nr. 110/1951, sbr. og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Þó skal greiða óbeina skatta og gjöld, skv. 1. tölul. 6. gr. viðbættisins, með þeim undanþágum sem leiðir af 8. gr. viðbættisins og endurgreiðsluheimild 43. gr. laga nr. 50/1988. Sama gildir um liðsafla annarra ríkja, og skyldulið þeirra, sem dvelst hérlandis við frákvæmd skyldustarfa eða varnaræfingar á vegum íslenskra stjórnvalda.

□ Um þær eignir og þann rekstur sem Varnarmálastofnun annast fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar, herliðs Bandaríkjanna eða annarra þjóðréttaraðila, sem samkvæmt lögum og alþjóðasamningum eru undanþegnar skatt- og tollskyldu, fer eftir þeim sérreglum sem um þá þjóðréttaraðila gilda. Utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið reglugerð um frákvæmd slíkrar umsýslu.

**IX. kafli. Meðferð upplýsinga.**

■ **22. gr. Þagnarskylda.**

□ Starfsmenn Varnarmálastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Sama gildir um verktaka og aðra aðila sem starfa að einstökum verkefnum á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

■ **23. gr. Úrvinnsla og miðlun upplýsinga.**

□ Varnarmálastofnun annast úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins og erlendra samstarfsaðila sem stofnunin hefur aðgang að. Stofnunin skal leitast við að skilgreina hættur sem kunna að stöðja að íslensku yfirráðasvæði og íslenskum ríkisborgurum, m.a. vegna hernaðarumsvifa eða sambærilegs alvarlegs hættu- ástands.

□ Varnarmálastofnun má skiptast á upplýsingum við stjórnvöld annarra ríkja og alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að enda byggist slíkt á gildum milliríkjasamningum og sé nauðsynlegt að teknu tilliti til öryggis- og varnarhagsmuna landsins.

□ Varnarmálastofnun vinnur úr upplýsingum sem hún fær skv. 1. og 2. mgr. og miðlar áfram til utanríkisráðuneytisins, annarra stjórnvalda og utanríkismálanefndar samkvæmt nánari ákvæðum sem utanríkisráðherra skal setja í reglugerð. Reglugerðin skal m.a. taka mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins varðandi meðhöndlun slíkra upplýsinga.

■ **24. gr. Öryggisvottun og trúnaðarstig skjala.**

□ Varnarmálastofnun ber ábyrgð á útgáfu öryggisvottunar samkvæmt lögum þessum. Embætti ríkislögreglustjóra annast framkvæmd bakgrunnsskoðunar vegna öryggisvottunar, að beiðni Varnarmálastofnunar, og er við vinnsluna m.a. heimilt að afla upplýsinga um viðkomandi úr skráum lögreglu og sakaskrá. Varnarmálastofnun heldur sérstaka skrá yfir aðila sem hljóta öryggisvottun samkvæmt lögum þessum.

□ Utanríkisráðherra setur reglugerð um framkvæmd öryggisvottunar og trúnaðarstig skjala samkvæmt lögum þessum að höfðu samráði við dómsmálaráðherra. Skal þar tekið mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins um öryggi og meðferð trúnaðarskjala og eftir atvikum öðrum þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist varðandi öryggi og meðferð trúnaðarupplýsinga.

■ **25. gr. Ársskýrsla Varnarmálastofnunar.**

□ Varnarmálastofnun gefur utanríkisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Utanríkisráðherra kynnir efni ársskýrslunnar fyrir utanríkismálanefnd. Útdráttur úr ársskýrslunni skal birtur á heimasíðu Varnarmálastofnunar fyrir 1. september árið á eftir.

**X. kafli. Stjórnsýslukæra, viðurlög, gildistaka o.fl.**

■ **26. gr. Stjórnsýslukæra.**

□ Aðilum máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvæðanir Varnarmálastofnunar til utanríkisráðherra innan 30 daga frá dagsetningu ákvæðunar. Um meðferð kærumálsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum og ákvæðum þessara laga eftir því sem við getur átt.

■ **27. gr. Reglugerðarheimildir.**

□ Utanríkisráðherra er heimilt að setja í reglugerð<sup>1)</sup> nánari fyriræli um verkefni Varnarmálastofnunar og framkvæmd laga þessara, þ.m.t. varðandi:

- a. tímabundna ráðningu skv. 10. gr.,
- b. aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum skv. 13. gr.,
- c. rekstur íslenska loftvarnakerfisins og mannvirkja Atlantshafsbandalagsins skv. 14. og 15. gr.,

d. málsmeðferð, greiðslu og endurkröfu skaðabótakrafna skv. 17. gr.,

e. varnaræfingar skv. 20. gr.

<sup>1)</sup> Rg. 736/2008.

■ **28. gr. Viðurlög.**

□ Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum eða gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að 5 árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögáðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

■ **29. gr. Gildistaka og brottfall laga.**

□ Lög þessi öðlast gildi 31. maí 2008. ... Við gildistöku laganna skal Ratsjárstofnun lögð niður. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.

□ Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett hafa verið á grundvelli laga nr. 106/1954 og nr. 82/2000, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði nýrra laga, uns nýjar reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið gefin út.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá nú rg. 284/1999, rg. 293/2002, rg. 493/2003 og rg. 828/2003.

■ **30. gr. . . .**

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Þjóða skal því starfsfólki störf hjá Varnarmálastofnun sem við gildistöku laga þessara er á uppsagnarfresti hjá Ratsjárstofnun og starfar þar. Ekki er skylt að auglýsa störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði laus til umsóknar, skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt er heimilt að auglýsa embætti forstjóra Varnarmálastofnunar laust til umsóknar og skal skipun í embættið miðast við 1. júní 2008. Einnig skal utanríkisráðherra skipa þriggja manna starfshóp sem hafa skal heimild til að undirbúa gildistöku laga þessara, þ.m.t. að bjóða starfsfólki störf hjá Varnarmálastofnun skv. 1. tölul. Verðandi forstjóri Varnarmálastofnunar skal eiga sæti í starfshópnum.